

Nd.

776. Breytingartillögur

[50. mál]

við frv. til l. um Skipamálastofnun ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „Skipamálastofnun“ í greininni og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): Siglingamálastofnun.
2. Við 2. gr. 6. töluliður orðist svo:
Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi. Rita umsögn um sjópróf til saksóknara ríkisins. Birta niðurstöður rannsókna á sjóslysum árlega eða oftár, þegar sérstök ástæða þykir til, í samstarfi við rannsóknarnefnd sjóslysa.
3. Við 4. gr. Í stað orðsins „skipamálastjóri“ í greininni og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi beygingarföllum): siglingamálastjóri.
4. Við 6. gr. Síðasta málgr. orðist svo:
Ekki má siglingamálastjóri eða aðrir, sem eru í fullu starfi hjá Siglingamálastofnuninni, hafa á hendi störf, sem ósamrýmanleg eru stöðum þeirra. Þannig er þeim ekki heimilt að vinna nein þau störf fyrir einkaaðila, sem háð kunna að verða þeirra eigin mati sem starfsmanna Siglingamálastofnunarinnar.
5. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
Frumvarp til laga um Siglingamálastofnun ríkisins.